

BRÉF HANDHAFA VALDS FORSETA ÍSLANDS

um að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1982.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt:

Við höfum ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar mánudaginn 11. október 1982.

Um leið og við birtum þetta, er öllum sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 17. september 1982.

Gunnar Thoroddsen. Karl Steinar Guðnason. Logi Einarsson.
(L. S).

22. september 1982.

Nr. 87.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 22. september 1982.

Gunnar Thoroddsen.

Guðmundur Benediktsson.